

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík - Boðagrandi 2.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. september 1998 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar Boðagrandi 2, þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. janúar 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

20. janúar 1999

Nr. 46

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 10. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar.

Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir einnar hæðar hús að Dalshrauni 1 er felldur niður og í stað hans er gert ráð fyrir þriggja hæða húsi, vestan við núverandi byggingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag, af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, fyrir sama svæði frá 1984.

20. janúar 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

15. janúar 1999

Nr. 47

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hálsabyggð (Mið-Háls) í landi Ánabrekku, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag í Hálsabyggð (Mið-Háls) í landi Ánabrekku, Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. janúar 1999.

Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar.